

Borgarbyggð
b/t Sigurður Friðgeir Friðriksson
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík 14. apríl 2020
UST202003-554/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 - 2022- Kárastaðir í Borgarnesi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 25. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 – 2022.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað er að breyta landnotkun svæðis í landi Kárastaða úr landbúnaðarlandi í athafnasvæði. Breytingin mun taka til 2,2 ha svæðis, þannig að athafnasvæði (A2) stækkar sem því nemur og með fyrirhugaðri breytingu mun þéttbýlismörk Borgarness stækka, sem nemur umræddu svæði.

Í greinargerð kemur fram að breytingin mun leiða af sér að gott ræktanlegt land mun minnka og mun breytingin einnig hafa neikvæð áhrif á náttúrunna á svæðinu.

Þétting byggðar

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt sé að standa vörð um ræktað land, gróin svæði og umhverfi og leita allra leiða til uppbyggingar innan núverandi þéttbýlismarka eins og kostur er. Stofnunin bendir á að í kafla 3.2.1 í landsskipulagsstefnu þar sem fjallað er um sjálfbært skipulag þéttbýlis, en þar segir að sveitarfélög skilgreini í aðalskipulagi vaxtarmörk þéttbýlisstaða með það fyrir augum að efla viðkomandi þéttbýlisstað og standa vörð um verðmæt náttúrusvæði og landbúnaðarland.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
sérfræðingur